

Ársfundur Austurbrúar, haldinn á Hótel Héraði föstudaginn 9. maí kl. 15.00.

Mættir voru:

Ólafur Áki Ragnarsson Austurbrú
Ásta Krístin Sigurjónsdóttir Austurbrú
Signý Ormarsdóttir Austurbrú
Guðrún Á. Jónsdóttir Austurbrú
Bergþóra Arnórsdóttir Austurbrú
Jón Pálsson Austurbrú
Elfa Hlín Pétursdóttir Austurbrú
Lára Vilbergsdóttir Austurbrú
Þórdís Bergsdóttir Seyðisfjörður
Anna Dóra Helgadóttir Austurbrú
Jóna Árný Þórðardóttir Austurbrú
Þórunn Eymundardóttir – stjórn Austurbrú
Þorsteinn Steinsson – Vopnafirði (atkvæði)
Björn Hafþór – STHN Austurbrú
Auður Anna Ingólfssdóttir stjórn Austurbrú
Páll Baldursson Breiðdalshreppur (atkvæði + umboð frá Djúpavogshreppi)
Emil Sigurjónsson HSA (atkvæði)
Anna Alexandersdóttir Austurbrú
Skúli Björn Gunnarsson STHN Austurbrú
Björg Björnsdóttir Austurbrú
Janne Sigurðsson Alcoa
Helgi Ómar Bragason ME (atkvæði)
Sigurjón Bjarnason Fljótsdalshérað
Sigrún Blöndal Fljótsdalshérað
Óðinn Gunnar Óðinsson Fljótsdalshérað
Díana Mjöll Sveinsdóttir Tanni Travel / Faust (atkvæði)
Jens Garðar Helgason Fjarðabyggð
Jón Björn Hákonarson Fjarðabyggð (atkvæði)
Helga Guðrún Jónasdóttir Fjarðabyggð
Jón Þórðarson Borgafjarðarhreppur (atkvæði)
Stefán Bogi Sveinsson Fljótsdalshérað (atkvæði)
Sveinn Jónsson Fljótsdalshérað
Sverrir Albertsson AFL (atkvæði)
Rögnvaldur Jónsson HÍ (atkvæði)
Arnbjörg Sveinsdóttir Seyðisfjörður (atkvæði)
Valdimar Hermannsson stjórn Austurbrú
Magnús Jónsson KPMG Fljótsdalshérað



Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla ársreikninga
3. Fjárhags- og starfsáætlun kynnt
4. Breytingar á skipulagsáætlun
5. Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.
6. Kosningar:
 - a. Kjör stjórnar
 - b. Kjör fagráðs
 - c. Kjör endurskoðenda
 - d. Kjör starfsháttanefndar
 - e. Kjör siðanefndar
7. Ákvörðun um þóknun stjórnar
8. Önnur mál.

Jóna Árný Þórðardóttir, starfandi framkvæmdastjóri Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hún lagði til að **Hilmar Gunnlaugsson** yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Alls voru um 30 fundargestir, þar af 12 atkvæðisbærir fulltrúar. HG lagði til að **Björg Björnsdóttir** yrði ritari og var það samþykkt. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan og kynnti fyrirkomulag hans, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt og því með sérstakt spjald í fundargögnum til að greiða atkvæði. Fundurinn var boðaður í Austurglugganum fyrir tveimur vikum auk þess sem sent var út boð í tölvupósti á stofn- og hagsmunaaðila sama dag. Þá birtist auglýsing í Dagskránni rúmri viku fyrir ársfundinn. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Kynnt var í boðun tillaga um breytingu á dagskrá en verður farið yfir þær breytingar eftir því sem þær koma fyrir í dagskránni. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

1. Valdimar O. Hermannsson, formaður stjórnar kynnti skýrslu stjórnar. VOH nefndi að skýrslan lægi frammi í fundargögnum sem og ársskýrsla stofnunarinnar. Hann fór yfir starfið á þessu fyrsta heila starfsári Austurbrúar. Vissulega væri flókið að fella saman starf ólíkra stoðstofnanna en starfið hefði engu að síður verið blómlegt og metnaðarfullt á árinu.



Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar mun verða aðgengileg inn á heimasíðu Austurbrúar, ásamt öðrum fundargögnum frá þessum ársfundi, en hana er einnig að finna í fundarmöppu sem liggur frammi á fundi.

Frá síðasta ársfundi, sem haldinn var á Seyðisfirði 31. maí 2013, hafa verið haldnir 10 stjórnarfundir auk nokkurra vinnufunda framkvæmdaráðs stjórnar sem unnið hefur að framgangi eða undirbúningi ýmissa mála, í umboði stjórnar, á milli stjórnarfunda.

Árið 2013 var í raun fyrsta heila starfsár Austurbrúar ses.


Formlegur stofnfundur Austurbrúar ses. var þriðjudaginn 8. maí 2012, að viðstaddri allri þáverandi ríkisstjórn Íslands, sem hélt þá um morguninn fund, í fyrsta sinn á Austurlandi, ásamt því að hitta fulltrúa sveitarfélaga og annara aðila. Þær stoðstofnanir sem sameinuðust þennan dag voru: Þekkingarnet Austurlands, Þróunarfélag Austurlands, Menningarráð Austurlands, og Markaðsstofa Austurlands ásamt stjórnarsýsluhluta Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), sem áfram er til samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum, þó Austurbrú annist daglega rekstur SSA.

Á fyrsta heila ári í rekstri eftir raunverulega sameiningu Austurbrúar, hafa verkefnið verið mörg og margvísleg, og starf stjórnar og starfsmanna hefur einkum falist í innleiðingu flókinna breytinga, sem snúa m.a. að því að sameina og samþætta verklag og vinnubrögð, bókhald og fjármál og mynda nýtt og öflugt teymi fagfólks, með ólíka menntun, bakgrunn og sérhæfingu, af ólíkum sviðum, í eina öflugra stoðstofnun.

Þetta hefur ekki alltaf verið auðvelt, og reynt á starfsmenn á stundum en eins og fram kemur í fyrirliggjandi ársskýrslu 2013, hefur verið mikil gróska í starfseminni.

Hér verður aðeins farið stuttlega yfir nokkur atriði úr störfum stjórnar síðasta starfsár:

- Stjórn staðfesti samþykktir um verklag og fundarskóp stjórnar, ásamt siðareglum, á sínum fyrsta fundi eftir síðasta ársfund. Endurmat á störfum og starfsáætlun stjórnar ásamt kynningu á starfsáætlun allra sviða fór fram á fyrsta fundi þessa árs, í janúar, samhliða lokavinnu við fjárhagsáætlunargerð.
- Um síðastliðin áramót var formlega slitið samstarfi um starfstöð á Höfn, eftir viðræður á síðasta ári, en Höfn tilheyrir öðru kjördæmi og starfsvæði SASS.
- Húsnæðismál starfstöðvar Austurbrúar á Egilstöðum hefur verið til umræðu á nokkrum fundum stjórnar, en nýlega náðust samningar við Vísindagarðinn um uppbyggingu og samtengingu húsa í Vonarlandi, þar sem Austurbrú fær aukðið rými og getur sameinað starfsemi sína á Egilstöðum á einum stað. Auk þess mun Austurbrú, sem stærsti notandi húsanna, annast daglega umsýslu klasans. Þetta mun einnig skapa tækifæri og hagræðingu með sölu á eign okkar í Miðvangi 2-4, þar sem hluti starfseminnar hefur verið.
- Merkingar og ímynd Austurbrúar hefur verið til endurskoðunar, ásamt vinnu við nýja vefsíðu sem nú er tilbúin og verður formlega sett í loftið síðar á þessum fundi. Þá hefur útlit á gögnum Austurbrúar verið samræmt, en beðið var með frekari merkingar t.d. á starfstöðvum þar til vinnu við það var lokið. Skort hefur á upplýsingagjöf bæði innan stofnunar og út á við til hagsmunaaðila og bæta verður úr því STRAX.
- Greinagerð starfshóps um stöðu skapandi greina var unnin á síðasta ári og í framhaldi af því unnið að stefnumótun um stöðu skapandi greina innan nýsköpunar- og þróunarsviðs Austurbrúar, en nú er viðurkennt að skapandi greinar eru ein af mörgum stöðum þess sviðs, í góðum tengslum við grásótina.
- Unnið hefur verið að heildarstefnumótun Austurbrúar, með sín mörgu fagsvið, og fór undirbúningsvinna fram með aðkomu fagráðs, og einnig allra sviða. **Við hefðum viljað vera búin að klára þessa stefnumótun fyrir, en nú vantar aðeins herslumuninn á að henni sé lokið í bili, og mun sú vinna nýtast á**



næstu mánuðum og klárast fyrir haustið, með aðkomu starfsmanna o.fl. aðila.

- Alls komu 7 sóknaráætlunarverkefni til úrvinnslu innan Austurbrúar, frá SSA, en þau voru að upphæð kr 35,5 milljónir, sem komu frá ríkinu, auk mögulegs mótframlags frá öðrum samstarfsaðilum. Stærst voru Markaðssetning Austurlands, með áherslu á Egilsstaðaflugvöll og Atvinnumálaráðstefna 2013.
- Nokkur óvissa var um tíma og fram á þetta ár, um endurnýjun og afdrif ýmissa samninga við ríkisvaldið á ýmsum sviðum, bæði beint og við landshlutasamtökin. Þetta hafði ákveðna óvissu í för með sér m.a. við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2014, en í apríl sl. var gengið frá flestum þáttum. Árið 2014 verður millibils- og endurskoðunarár með litlu framlagi til verkefna á því ári, og enn á eftir að klára sum verkefni 2013 - 14. Gert er ráð fyrir því að við fjárlagagerð næsta árs verði kynnt ný landshlutaáætlun með aukinni verkefnafjárveitngu til landshlutanna 2015 - 17.
- Með áherslur og verkefni einstakra sviða Austurbrúar þá vísa ég til glæsilegrar Ársskýrslu 2013, sem liggur fyrir fundinum, en hún sýnir metnaðarfullt, fjölbreytt og faglegt starf sem unnið er innan Austurbrúar ses. **Um leið þakka ég þeim starfsmönnum sem komu að skýrslunni fyrir framtakið.**
- Fjármál hafa verið mikið og reglulega til umfjöllunar á stjórnarfundum og frá byrjun september var ráðinn sérstakur fulltrúi fjármála og stoðþjónustu, Anna Dóra Helgadóttir, og allt bókhald sem áður var útvistað, var tekið inn í stofnunina frá 1. október ef frá er talið bókhald SSA sem kom inn frá og með síðustu áramótum. Mikil vinna við samræmingu og ferlagerð hefur fylgt þessum breytingum sem munu skila sér í auknu hagræði til lengri tíma. **Stjórn hefur í samráði við framkvæmdastjóra, fulltrúa fjármála og með aðkomu endurskoðenda, sett sér skýr viðmið um fjármálalegar upplýsingar til stjórnar um stöðu stofnunarinnar á hverjum tíma.** Ljóst er að umtalsverður einskiptiskostnaður hefur fallið til á fyrstu árum nýrrar stofnunar, m.a. með sameiginlegu símkerfi, nýjum tölum og öðrum búnaði ásamt vinnu við sameiginlegt útlit og heimasíðugerð, svo eitthvað sé nefnt. *Betur verður fjallað um fjármál undir næstu tveimur dagskráliðum.*
- Ekki verður hér gerð grein fyrir fleiri málefnum sem stjórn hefur verið með til umfjöllunar á sínum fundum, en í því efni er vísað til fundargerða stjórnar sem eru aðgengilegar inn á heimasíðu Austurbrúar.

Breytingar hjá Austurbrú

Eins og fram kemur í fundarboði, þá munu stjórn og starfsháttanefnd, með aðkomu starfsmanna, meta á næstu mánuðum hvernig starfsemi Austurbrúar hefur gengið, endurskoða stjórnskipulag stofnunarinnar eftir þörfum og gera tillögur um æskilegar breytingar. Liður í þessum breytingum var samningur um starfslok Karls Sölvu Guðmundssonar, sem hér með eru þökkun störf í þágu stofnunarinnar. Jóna Árný Þórðardóttir hefur verið ráðin til að gegna starfi framkvæmdastjóra Austurbrúar næstu mánuði, eða fram að framhaldsársfundi sem fyrirhugað er að halda fyrir lok september. Jóna Árný er viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi og ráðgjafi hjá Gagnráðum ehf. Hún hefur setið sem fulltrúi í starfsháttanefnd Austurbrúar og í stjórn Vaxtarsamnings Austurlands. **Hún er boðin velkominn til starfa.** *Góðir ársfundargestir.*

Við skulum móta framtíð okkar - SAMAN - og byggja betri framtíð á reynslunni. Eftir tveggja ára starfsemi austfirskra stoðstofnana undir merkjum Austurbrúar er það mat stjórnar og starfsháttanefndar að kominn sé tími á endurmat og endurskoðun. Mikið frumkvöðlastarf hefur verið unnið með stofnun Austurbrúar og margt hefur gengið vel en annað ekki eins vel og væntingar margra stóðu til, enda væntingavísitalan hátt



stillt og sú aðgerð sem ráðist var í flókin. Austurbrú þarf að þroskast og aðlagast nýjum tímum og vera tilbúin til þess að taka að sér stærri og flóknari verkefni á ýmsum sviðum fyrir allt Austurland í bráð og lengd.

Við skulum ganga í það að endurmeta stöðuna, læra af reynslunni og vera óhrædd við að gera þær breytingar sem við teljum að þurfi til þess að mæta framtíðinni sem best.

Það er mikið horft til þessa landshluta fyrir frumkvæði og áræði og fyrir að vera með skýra framtíðarsýn, meðal annars með því að sameina stofnanir okkar í eina öfluga stjórnsýslustofnun, og vera þannig tilbúin til þess að taka á móti auknum verkefnum og fjárveitingum frá ríkisvaldinu. Austurbrú er trúverðugur mótspilari í samskiptum við ríkisvaldið og sveitarfélög.

Það hefur komið fram í samskiptum okkar við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir þess að menn vilja hafa öflugan viðtakanda á hinum endanum til úrvinnslu og framgangs mála heima í héraði, en einnig til þess að sækja fram og bjóða faglega meðferð mála.

Austurbrú er og getur verið þessi aðili, þetta sameiningartákn fyrir allt Austurland.

Góðar stundir!

Að lokinni skýrslu stjórnar tilkynnti fundarstjóri að umræður um hana yrðu teknar samhliða umræðum um næsta dagskrárlið.

2. Næst á dagskrá var kynning ársreikninga, **Magnús Jónsson** frá KPMG fór yfir þá. Hann benti á að ársreikning væri að finna á heimasíðu sem og í fundargögnum. Vinna KPMG er í samræmi við endurskoðunarstaðla. Niðurstaðan er neikvæð og brýnt að bregðast við rekstrarvanda ef stofnunin á ekki að lenda í vandræðum. Hún telst þó rekstrarhæf. Rekstrarkostnaður hefur aukist og eignir minnkað. Gert er ráð fyrir að greiða þurfi 87 milljónir á árinu, á móti á stofnunin ríflega 40 milljónir. Vakin er athygli á þessari staðreynd, koma verður til utanaðkomandi fjármagn til að stofnunin nái endum saman. Greiðsluhalli í árslok upp á tæplega átta milljónir. Fjárfestingar upp á rúmar 10 milljónir bætast við þann halla (skrifstofubúnaður og bifreið). MJ fór yfir rekstur einstakra deilda. Halli á fjármálum og stoðþjónustu, jákvæð rekstrarniðurstaða hjá háskóla og rannsóknum, símenntun, nýsköpun og þróun, markaðssviði og menningarsviði en neikvæð hjá Upplýsingamiðstöð Austurlands. Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.



Rekstrarreikningur.

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013 1.1.-31.12	2012 1.6-31.12
Rekstrartekjur:			
Framlög frá Byggðastofnun		27.207.969	22.231.556
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menningarmála		57.900.000	41.116.000
Framlög / sértekjur frá Ríkissjóði Íslands háskóla/rannsókna		34.123.500	18.445.200
Framlög / sértekjur frá Ríkissjóði Íslands til símenntunar		33.040.000	14.263.300
Framlög sveitarfélaga		24.732.420	15.546.783
Önnur framlög		88.438.115	31.799.786
Aðrar tekjur		87.080.627	47.909.955
		<u>352.522.621</u>	<u>191.312.580</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	178.730.566	82.284.338
Greiddir styrkir		48.000.000	31.275.000
Kostnaður vegna yfirstjórnar		8.104.558	10.894.368
Annar rekstrarkostnaður		134.478.455	73.947.076
		<u>369.313.579</u>	<u>198.400.782</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(16.790.958)	(7.088.202)
Afskriftir	3,6	<u>3.587.892</u>	<u>1.806.604</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(20.378.850)	(8.894.806)
Hrein fjármagnsgjöld	5	<u>(719.732)</u>	<u>(405.623)</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins	8	<u><u>(21.098.582)</u></u>	<u><u>(9.300.429)</u></u>



Eigið fé og skuldir.

31. desember 2013

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2013	2012
Eigið fé:			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Ójafnað eigið fé		(32.716.021)	(11.617.439)
	8	<u>(31.116.021)</u>	<u>(10.017.439)</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	9	<u>6.797.577</u>	<u>5.580.852</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		14.211.690	12.879.024
Viðskiptaskuldir		12.238.819	8.468.231
Skuld við tengdan aðila, Vaxtasamningur Austurlands		23.018.090	26.027.450
Næsta árs afborganir langtímaskulda	9	1.524.901	1.116.171
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna		710.615	0
Ógreidd úthlutuð framlög		7.400.000	18.675.000
Aðrar skammtímaskuldir		<u>28.007.242</u>	<u>22.983.593</u>
		<u>87.111.357</u>	<u>90.149.469</u>
	Skuldir samtals	<u>93.908.934</u>	<u>95.730.321</u>



Sjóðstreymisyfirlit 2013.

Sjóðstreymisyfirlit 2013

	Skýr.	2013	2012
		1.1.-31.12	1.6-31.12
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins	11	(21.098.582)	(9.300.429)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afakrífir	9	3.587.892	1.806.604
Verðbætur og gengiamunur skulda		457.909	105.712
Veltufé til rekstrar		(17.052.781)	(7.388.113)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubingðir, hækkun		(693.362)	(243.349)
Skammtímskröfur, lækkun (hækkun)		10.620.637	(1.364.344)
Skammtímskuldir, lækkun		(2.480.763)	(22.303.792)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		710.615	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		8.157.127	(23.911.485)
Handbært fé til rekstrar		(8.895.654)	(31.299.598)
Fjárfeestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(9.733.197)	(3.764.935)
Fjárfeestingarhreyfingar		(9.733.197)	(3.764.935)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Innborgað stofnfé		0	1.600.000
Tekin ný lán		2.500.000	0
Skuldir við lána stofnanir, breyting		1.332.666	5.935.357
Skuldir við tengdan aðila, breyting		(3.009.360)	16.027.450
Afborganir langtímalána		(1.332.454)	(1.112.688)
Fjármögnunarhreyfingar		(509.148)	22.450.119
Lækkun á handbæru fé		(19.137.999)	(12.614.414)
Handbært fé í upphafi árs		19.185.814	31.800.228
Handbært fé í árslok		47.815	19.185.814

HG opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Jens Garðar Helgason, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar. Þakkaði góða yfirferð, margt gott verið gert, hæft starfsfólk og mörg góð verkefni, m.a. efling Egilsstaðaflugvallar sem er brýnt hagsmunamál fyrir Austurland. Kristallar hvernig Austurbrú getur komið inn í mál sem varða allan landshlutann. JGH vildi engu að síður ræða annað núna, rekstarstöðuna. Hann fór yfir lykiltölur og sagðist telja að ef þetta væri fyrirtæki, myndi MJ ef til vill ekki hafa sagt að þetta væri lífvænlegt fyrirtæki. Hvaðan eiga peningarnir að koma? Sveitarfélög þyrftu að sýna aðhald í rekstri svo hann velti því fyrir sér hvað réttlæti útgáfu finnar ársskýrslu, kaupum á tæplega 6 milljóna króna bifreið og stefnumótunarvinnu í tvö ár? Þetta ætti ekki að vera flókið, Austurbrú hafi verið stofnuð til að einfalda hlutina. JGH efndi einnig

starfsemi menningarráðsins, rekur einn starfsmann og veitir út fé sem kemur frá ríkinu með einum fundi árlega. Núna ætti menningarráðið að greiða milljónir inn í yfirstjórn, fjármagn sem þá nýttist ekki þeim sem Austurbrú ætti að þjóna, íbúum á Austurlandi. JGH lagði áherslu á að fundarmenn rifjuðu upp af hverju hefði verið stofnað til Austurbrúar í upphafi.

Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri Vopnafjarðar sagðist kunnugt um vaxtaverki stofnunarinnar en það stingi engu að síður í augu að rekstrarhalli væri 17 milljónir og skammtímaskuldir upp á 87 milljónir. Svona yrði ekki haldið áfram og hann spurði hvernig menn sæu fyrir sér að þessu yrði snúið við? Hvort ekki þyrfti að vinda sér í að breyta skammtímaskuldunum í langtímaskuldir? 17 milljóna króna halli í upphafi þýddi að minna en ekkert væri hægt að gera.

Sigrún Blöndal, bæjarfulltrúi frá Fljótshéraði beindi þeirri spurningu til stjórnarformanns að í ljósi ársreiknings hlyti stjórnin að vera með aðgerðaráætlun og spurði hvernig stjórnin sæi fyrir sér að snúa við dæminu og hverjar þær aðgerðir væru?

Sverrir Mar Albertsson, stjórnarmaður í Austurbrú vildi rifja upp að allar stoðstofnanir utan menningarráðið hefðu komið með skuldir inn í stofnuna. Áætlanir hefðu gert ráð fyrir minni halla og því ylli niðurstaðan nú nokkrum vonbrigðum. Þá benti hann á að skammtímaskuldirnar væru m.a. verktakagreiðslur á símenntunarsviði þar sem gert væri ráð fyrir að tekjur kæmu á móti. Slíkum skuldum væri ekki hægt að breyta í langtímaskuldir.

JGH kom aftur upp og minnti á að Fjarðarbyggð hefði verið lengi með á áætlun hjá sér 4-5 milljónir króna til að kaupa þjónustu af Austurbrú og það teldist undarlegt að þurfa að reka á eftir framkvæmdastjóra í langan tíma um að kaupa þjónustu.

VOH sagði stjórnina taka stöðuna alvarlega og því væru breytingatillögurnar nú til komnar. Hann áréttaði að bifreiðin hefði kostað 4,9 milljónir króna en ekki 6 milljónir en á móti kæmi kostnaður við akstur um landshlutann og bílaleigubíla. Ákvörðunin um kaupin hefði verið tekin að vel yfirlögðu ráði. Þá fór VOH yfir kostnaður við yfirstjórn; þetta væri spurning um það hvar sé bókað, allt sameiginlegt hafi áður verið bókað á yfirstjórn, þetta hefði verið að breytast eftir því sem menn lærðu hvernig best væri að bóka. Hann áréttaði að það væri ekki svo að fulltrúar og sérfróðir starfsmenn hefðu eytt öllum sínum tíma í stefnumótunarvinnu, hún væri brýn en yrði kláruð fyrir haustið. VOH sagði stjórnina ætla að bregðast við vandanum m.a. með endurskoðun starfseminnar í sumar og auknu upplýsingaflæði út á við og inn á við. Hann nefndi að vissulega hefði ekki þurft að gera svona fína ársskýrslu, en hún hefði aðallega verið unnin inni á stofnuninni. Það yrði þó tekið mið af þessum ábendingum. VOH lauk máli sínu með því að segja það vilja sinn að slegið yrði á of miklar væntingar og lögð áherslu á að selja þjónustu stofnunarinnar og afla fjár til starfsemi hennar.

MJ kom aftur inn á rekstrarhæfið. Það væri brýnt að koma rekstrinum í jafnvægi,



Það yrði að verða verulegur viðsnúningur. Vissulega væru einhverjar einkisþingadgerðir sem ekki kæmu til aftur. Hann áréttaði að skammtímaskuldir yrði að færa svona þó vissulega væru þetta ekki kuldir sem ættu að valda stofnuninni fjárþröng, að því gefnu að reksturinn yrði kominn á núllið um næstu áramót.

Anna Dóra Helgadóttir, fulltrúi fjármála og stoðþjónustu benti á að ráðist hefði verið í miklar breytingar á innviðum á síðari hluta árs 2013 hvað varðar fjármál og stoðþjónustu. Stofnunin yrði í raun fyrst samanburðarhæf í lok þess árs þegar breytingar á fjármálum og stoðþjónustu hefðu skilað tilætluðum árangri.

VOH minnti á að það væri ekki í stöðunni að gera ekki neitt. Sú vinna sem fram hefði farið síðastliðna sjö daga gæfi þegar ákveðna von, engar stórvægilegar breytingar yrðu á rekstrinum, þ.e. engar uppsagnir, áherslan yrði fyrst og fremst á að selja og kynna þjónustuna betur.

Að loknum umræðum um ársreikninginn og skýrslu stjórnar var ársreikningurinn borinn undir samþykki fundarins. Ársreikningurinn var samþykktur mótatkvæðalaus.

Að því loknu var gert stutt kaffihlé.

Kl. 16.20 var fundi framhaldið.

3. HG kynnti **JÁÞ** sem fór fyrir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2014. **JÁÞ** er starfandi framkvæmdastjóri til haustsins. Hún sagðist fagna þessu góða tækifæri til að starfa með öllu því góða fólki sem væri innan stofnunar sem utan. Austurbrú væri jú ekki eyland. Framtíð Austurlands væri henni hugleikið efni og hún fagnaði því að fá tækifæri að starfa að því. **JÁÞ** fór yfir starfsáætlun fagsviðanna í stafrófsröð sem og málefni Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og fulltrúar voru henni til halds og trausts við kynningu á markmiðum ársins og helstu verkefnum. Undir lok máls hennar kom fram að eitt af þeim sóknarfærum sem menn sæu í hagræðingu væri að flytja alla starfsemi á Egilstöðum undir sama þak en gengið hefur verið frá samningi við Vísindagarðinn frá 1. apríl 2014 um að færa allar skrifstofur Austurbrúar á Vonarland. Þá sagði **JÁÞ** að það væri alveg ljóst að fara yrði í algera endurskipulagningu á fjárhag stofnunarinnar í góðri samvinnu við alla stofnaðila og hagsmunaaðila. **JÁÞ** lauk kynningu sinni með því að fela **BB** að opna formlega nýja heimasíðu Austurbrúar sem á að vera notendavæn og þjónustuvæn.
4. **HG** beindi umræðum um fjárhags- og starfsáætlun til liðarins Önnur mál, enda eingöngu gert ráð fyrir kynningu á þessum áætlunum undir þessum lið.
4. – 7. Þá vék fundarstjóri að þeim breytingum á dagskrá fundarins sem stjórn leggur til og fela í sér að fresta liðum 4-7 til framhaldsársfundar í haust. Breytingarnar eru rökstuddar með því að fyrirsjáanlegar verði breytingar í komandi sveitarstjórnarkosningum auk þess sem farið verði í endurskoðun á



stjórnskipulagi og starfsemi Austurbrúar undir forystu starfsháttarnefndar á næstu vikum og mánuði. Þá er talið æskilegt að geta lagt fullmótaða stefnu fyrir í haust. HG bar hvern lið undir atkvæðagreiðslu á fundinum og voru þeir allir samþykktar samhljóða. Um er að ræða breytingar á skipulagsskrá, staðfestingu á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses., kosningar (stjórnar, fagráðs, endurskoðenda, starfsháttarnefndar, siðanefndar) og ákvörðun um þóknun stjórnar.

8. Önnur mál.

- a. Fundarstjóri kynnti tillögu frá stjórn um að **Guðrún Áslaug Jónsdóttir** taki sæti í starfsháttarnefnd Austurbrúar í stað Jónu Árnýjar Þórðardóttur. Guðrún sitji í nefndinni þar til að ný starfsháttarnefnd verður kjörin á framhaldsársfundi í haust. Tillagan var samþykkt samhljóða.

- b. Þá lagði stjórn til að fela starfsháttarnefnd, í samráði við stjórn og starfsfólk stofnunarinnar, að hafa umsjón með mati og endurskoðun á stjórnskipulagi og starfsemi Austurbrúar. Nefndin skili tillögum þar um fyrir framhaldsársfund í haust. **Skúli Björn Gunnarsson** sem sæti á í starfsháttarnefnd Austurbrúar fylgdi tillögunni úr hlaði með skýringum. **Jón Björn Hákonarson**, forseti bæjarráðs Fjarðarbyggðar kvað sér hljóðs. Hann sagði menn eðlilega hafa haft miklar áhyggjur af þessu samstarfi og ef til vill of miklar væntingar. JBH vildi hvetja starfsháttarnefndina til að efla tengsl og samskipti við stofnaðilana, þannig mætti koma í veg fyrir misskilning og erfiðar umræður. Það vildu allir vinna þetta verkefni áfram svo landshlutinn gæti haldið því forskoti sem það hefur náð. Hann hvatti starfsháttarnefndina til dáða, ef til vill mætti setja niður framhaldsársfundinn í kringum aðalfund SSA 17. -19. september nk. á Vopnafirði.

Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú kvaddi sér hljóðs. Hún hnykkti á því að rannsóknin sem menningarsviðið væri að ráðast í væri ekki fjármögnuð með framlagi úr menningarsamningnum heldur hefði hún hlotið 10 milljóna króna styrk frá Nordregio. Hún vék því næst að tillögunni og sagðist telja að hún gæti fyrir hönd starfsmanna fagnað henni. Hún vildi hins vegar ítreka að það væri ekki óeining á meðal starfsmanna þrátt fyrir ólgu síðustu mánaða og þeir hefðu trú á Austurbrú og væru allir að vilja gerðir til að vinna henni gagn áfram. Hún tók fram að mikilvægt væri að starfsmenn tækju virkan þátt í þessari endurskoðunarvinnu, það hefði ef til vill vantað samráð við starfsfólk undanfarið.

Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðar sagði fagrád Austurbrúar hafa í þrígang komið fram með tillögur um hvernig ætti að ráðast í þessa endurskoðun sem nú væri verið að fela starfsháttarnefnd. Á þetta hefði ekki verið hlustað. Hann hvatti til fundar með fagráðinu þar sem yrði



hlustað, hann sæi ekki neina sérstaka reynslu í starfsháttarnefndinni fyrir vinnu af þessu tagi.

VOH þakkaði Jóni fyrir brýningu en sagði það skýrt að starfsháttarnefnd ætti ekki að vinna þetta ein og sjálf. Sömu leiðis yrði að efla samskipti og upplýsingaflæði. Því næst bar HG tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

c. Þá var haldið áfram með önnur mál.

Sveinn Jónsson, starfsmaður Mannvits óskaði nýjum framkvæmdastjóra til hamingju með þetta verkefni sem hún hefði tekið að sér. Hann hefði aldrei skilið hvað hefði vakað fyrir stjórn að sækja framkvæmdastjóra lengst suður á Suðurnes. Sveinn sagðist hafa fylgst með starfsmönnum Austurbrúar síðastliðinn vetur. Hann hefði haft samúð með þeim og dáðst að því hversu umburðarlyndir þeir voru gagnvart síðasta framkvæmdastjóra. Sveinn harmaði brotthvarf Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur frá Austurbrú en hún hefur stýrt nýsköpunar- og þróunarsviði Austurbrúar. Hann sagðist hafa áhyggjur af atvinnumálum eystra, einkum og sér í lagi hvað varðar unga fólk, hvað því stæði hér til boða. Það þyrfti að rannsaka. Þá væri heilbrigðiskerfið hér í hættu og hann spurði hvort stjórn Austurbrúar hefði ekkert í hyggju að taka þennan málaflokk til skoðunar.

JGH vildi minna á atvinnuástandið á Djúpavogi og Breiðdalsvík. Hann fór yfir stöðuna í kvótamálum og hlut Austurlands í því. Þingmenn og sveitarstjórnarmenn yrðu að taka höndum saman um stefnu til framtíðar. Þeim 28 þúsund þorksígildistönnum sem ríkið úthlutaði yrði að skipta með gáfulegri hætti, ríkið ætti að semja við ákveðin byggjarlög um 3-4000 tonn til 15 ára. Brýnt væri að fara setja niður hvaða byggðarlög þetta ættu að vera á Austurlandi.

VOH sagði það einmitt markmið Austurbrúar að vinna að hagsmunum fjórðungsins sem sterk stjórnsýslueining. Hann þakkaði góðar umræður og góðan fund.

Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú greindi frá fundi sem hann hefði átt í Reykjavík ásamt Andrésí Skúlasyni, Sverri Mar Albertsson og Ásdísi Birgisdóttur við þingmenn Norðausturkjördæmis um málefni Djúpavogs. Því miður hefði ekkert komið út úr þeim fundi. Svörin voru engin.

HG bar upp þá tillögu að fundarritara, fundarstjóra og formanni stjórnar yrði falið að klára og staðfesta fundargerð. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 17.50.

